



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun Sögusafnsins
29. júní 2002**

Góðir sýningagestir

Sagan hefur verið okkur Íslendingum svo nákomin að við höfum löngum litið á landnámsmenn sem forna heimilisvini, ættingja sem oft bar á góma í daglegu tali. Egils saga, Njála, Grettla og Gísla saga Súrsonar birtu okkur frásagnir sem tengdust höfuðbólum í dalnum heima, fjörðum og fjöllum sem fengu nýjan svip með tilvísunum í forna texta. Vestur í Dýrafirði þar sem ég dvaldi ungur voru áhöld um hverjir voru meira lifandi í hugum okkar þeir sem þá bjuggu í Haukadal eða persónurnar litríku úr Gíslasögu.

Sjálfstæðisbaráttan var studd ríkulegum tilvísunum í sagnaritin og menning og sjálfsvitund þjóðarinnar voru samofin sögunni frá landnámi og þjóðveldistíma til endurreisnar Alþingis og útgáfu Fjölnis og Nýrra félagsrita.

Um aldir þraukaði þjóðin við fátækt og erlenda áþján en lífsneistinn bjó í arfinum sem kynslóðirnar færðu hver annarri í sögum og ljóðum, frásögnum af fólkinu sem landið byggði.

Ljós lifandi bjó það í minni bænda og búaliðs, upp til dala og út til stranda, og þótt engin væri myndin til að sýna ásýndina, andlitssvip, vaxtarlag eða ættarmót þá vissu allir við hvern var átt. Nú síðast hefur Guðni Ágústsson hinn orðhagi landbúnaðarráðherra upplýst að Njáll á Bergþórshvoli hafi verið framsóknarmaður en Kári Sölmundarson tilheyrir Sjálfstæðisflokki. Ekki veit ég hvort ráðherranum tókst að finna Gretti Ásmundarsyni stað í hinu íslenska flokkakerfi en kannski kemur að því þegar við verðum báðir á landsmóti hestamanna í Skagafirði í næstu viku og höfum útsýn til Drangeyjar.

Fóstbræðurnir Ingólfur og Hjörleifur, Hallveig og Auður djúpúðga, Helgi magri og Skallagrímur, Eiríkur rauði og sonurinn heppni, Bergþóra, Gunnar og Njáll, Ari fróði og Gissur hvíti, Sturlungar og Snorri með

Heimskringlu í smíðum. Við getum haldið áfram lengi enn að nefna þetta góða fólk sem gert hefur sögu okkar að lifandi reynslu. Síðar gengu í þessa sveit Jón biskup Arason og synir hans, einnig klerkar margir og mætir, lögsögumenn og landfógetar, flökkulýður og sýslumenn. Landið var allt eitt sögusvið og sérhvert hérað lifandi vettvangur tíðinda frá fyrri tímum.

Það er hins vegar merkilegt að þótt sagan sé okkur mikils virði þá höfum við vanrækt að gera hana aðgengilega hinum mörgu gestum sem hingað koma og reyndar líka gleymt að gefa börnum og unglingum kost á að ganga á heillandi hátt á vit hinna gömlu tíma.

Við höfum að vísu fært marga á Þingvöll, um Njáluslóðir og í Skagafjörðinn og reynt að skapa lifandi frásögn með því að ganga um Almannagjá, sýnt þeim að Hlíðin er fögur og Drangey voldugt virki. Vissulega hafa fjöll og dalir, fljót og firðir sómt sér vel í leikrænni frásögn en fólkíð sjálft var ætíð fjarri; ímyndunaraflið eina tækið til slíkrar leiðsagnar á sagnaslóðum.

Þrátt fyrir nýja tækni og ríka áherslu á myndræna túlkun vorum við að þessu leyti ærið fátæk – þar til nú, þar til heiðurshjónin Ernst Backman og Ágústa Hreinsdóttir færa okkur þetta merkilega sögusafn, þar til þau leiða okkur hér í Perlunni á heimaslóðir frægðarfólks úr okkar sögu.

Þegar Ernst fræddi mig fyrst um þessa djörfu hugmynd þá dró ég í efa að ein og sér gætu þau gert hana að veruleika, en þau Ernst og Ágústa eru kjarnafólk líkt og Ingólfur og Hallveig Fróðadóttir sem þau hafa hér skapað í sinni mynd og er sannarlega við hæfi að fyrstu landnámshjónin birtist okkur með svipmóti frumkvöðulshjónanna sem færa nú þjóðinni þetta skemmtilega sögusafn.

Hér hefur hugmyndaauðgi og vandað handverk gert höfuðpersónur í sögu Íslands svo lifandi að auðvelt er að villast á þeim og bráðhressum gestum sem hingað koma.

Hér birtast okkur augnablikin sem orðið hafa sígild í okkar sögu og við getum nú bókstaflega staðið í sporum þeirra sem urðu vitni að örlagastundum, skynjað arnsúg fyrri alda.

Hér hefur sögupþjóðin eignast heillandi vettvang sem veitir skilningi okkar nýja vídd.

Nú getum við leitt þúsundirnar sem til Íslands koma á hverju ári á spennandi hátt um örlagaslóðir Íslendinga og þannig hvatt gesti okkar til að leita sér víðar fanga, bæði með heimsóknum í einstök héruð og kynnum af merkjum ritum sem arfinn geyma.

Nú getum við auðgað nám og kennslu í skólum landsins með heimsóknum hingað í Sögusafnið, veitt nemendum nýja sýn á forna sögu og látið þau þannig lesa hana á annan hátt.

Nú geta fjölskyldur gert sér glaðan dag með góðri stundu á söguslóðum, kveikt samræður heima í stofu og numið nýjan fróðleik með því að lesa síðan sagnarit og reyndar skáldverk líka í ljósi þeirrar reynslu sem dvölin hér færir öllum gestum.

Sögusafnið markar þannig á margan hátt þáttaskil í upplifun okkar Íslendinga og alls þess góða fólks sem til landsins kemur.

Við segjum stundum að sjón sé sögu ríkari og hér eru það svo sannarlega orð að sönnu. Perlan, útsýnishús og veislusalur ofan á geymslutönkum heita vatnsins, hefur nú öðlast nýtt sjónarhorn sem ekki mun síður heilla en útsýnið hér uppi. Það er svo til enn frekari vitnis um dirfsku og hugmyndaauki þeirra hjóna að láta sér detta í hug að opna einn tankinn og leiða okkur þar á vit fornrrar sögu, láta í stað heita vatnsins flæða fram myndræna frásögn sem er á við þúsund orð, láta höfuðpersónur úr sögu landsins birtast okkur hér inni á örlagastundum í lífi þjóðar.

Ég færi Ernst og Ágústu og öllum þeim sem að þessu einstæða verki hafa komið einlægar þakkir Íslendinga fyrir frumkvæði, atorku og hugmyndaauðgi og það frábæra handbragð sem hér birtist í smáu sem stóru.

Með þakklæti í huga munu þúsundir leggja leið sína hingað og vel við hæfi að heilsa fyrst upp á Hallveigu og bónda hennar og alla þá sem hér eru í söguklæðum og halda síðan upp á útsýnissvalir og horfa yfir landnám Ingólfs.

Hér opnast okkur Íslandssagan með nýrri sýn og ég óska þjóðinni til hamingju með að hafa eignast þennan lifandi vettvang, þjóðarsvið þar sem sagan verður leikrænn veruleiki.

Hafið þið heiðurshjón og allir sem hér hafa lagt hönd á plóg einlægar þakkir fyrir að færa okkur Sögusafnið.